



Ársfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi, haldinn í Kvennaskólanum
30. maí 2016, kl. 15:00.

Dagskrá:

- 1.) Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
- 2.) Afgreiðsla reikninga
- 3.) Skipun stjórnar
- 4.) Kosning endurskoðenda
- 5.) Þóknun til stjórnarmanna
- 6.) Tillögur um breytingar á samþykktum
- 7.) Starfs- og rekstraráætlun yfirstandandi árs
- 8.) Önnur mál

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina A. Schneider, Berglind Björnsdóttir, Elín S. Sigurðardóttir, Einar K. Jónsson, Jóhanna Pálmadóttir, Jónas Sigurgeirsson og Þóra Sverrisdóttir. Arnar gerði tillögu um Þóru sem fundarritara og Arnar sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt og tóku þau til starfa.

1. Arnar kynnti skýrslu stjórnar. Stjórnina skipa Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir. Stjórnarfundir voru sex á árinu. Árið 2015 var þriðja heila starfsár Þekkingarsetursins og hefur

starfsemin vaxið vel og blómstrað. Sérstaða hér liggur í textíl og hefur mikil sókn verið í starfi tengdum textíl frá stofnun Þekkingarsetursins m.a. með stofnun textíllistamiðstöðvar í samstarfi við Textílsetur Íslands. Á árunum 2015 og 2016 veitir alþingi 40 milljón kr. styrk til viðgerðar húsakosts Kvennaskólans á Blönduósi í ljósi þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað. Framtíðarsýn er sú að á kvennaskólatorfunni myndist ein heild sem starfi vel saman varðandi það að efla aðstöðu fyrir textíllistamenn og aðra áhugasama en það er mikill menningararfur sem liggur í textílnum. Núna eru sex háskólamenntaðir einstaklingar starfandi í Kvennaskólanum og allir eru þeir búsettir í héraðinu. Arnar þakkaði stjórn og starfsmönnum samstarfið á árinu.

Katharina kynnti skýrslu framkvæmdastjóra, fór yfir starfsmannahald, starfsemi á sviði textíls, m.a. eflingu textíllistamiðstöðvar, málþing um Jóhönnu Jóhannesdóttur, skýrslu um vefstóla í Kvennaskólanum, eflingu náms og undirbúning þrjónahátíðar. Rannsóknir á sviði laxfiska og strandmenningar. Einnig var unnið að fleiri verkefnum. Skýrslu þessa má finna á heimasíðu Þekkingarsetursins: tsb.is

Einnig fór Katharina yfir það helsta sem hefur verið að gerast frá áramótum. Nú þegar hefur tekist að ná mörgum af þeim markmiðum sem sett voru árið 2012 við stofnun Þekkingarsetursins og framundan eru spennandi tímar.

Í umræðum var ánægju lýst með starfseminu og gott starf starfsmanna og hversu vel hefur tekist til að láta verkefni vaxa og dafna. Einnig er mikil ánægja með framlag þrjónagraffaranna.

2. Arnar kynnti ársreikning 2015. Gjöld eru kr. 27.477.602 og tekjur eru kr. 22.585.000. Tap ársins að teknu tilliti til fjármunatekna og -gjalda er kr. 4.869.822. Gengið var á eigið fé og er handbært fé í árslok kr. 3.271.970. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

3. Engar tilnefningar hafa borist frá fulltrúaráði varðandi skipan stjórnar og er samþykkt að stjórn verði óbreytt:
Arnar Þór Sævarsson formaður, Valgarður Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir.
Varamenn: Berglind Björnsdóttir og Erla Ísafold Sigurðardóttir.
4. KPMG hefur verið endurskoðandi og var ákveðið að það yrði óbreytt.
5. Þóknun til stjórnarmanna verði óbreytt, 10.000 kr. á fund og 15.000 kr. fyrir formann en formaður stjórnar þiggur ekki laun og mun ekki gera það.
6. Engar tillögur liggja fyrir um breytingar á samþykktum.
7. Katharina fór yfir starfs- og rekstraráætlun yfirstandandi árs en hana má finna á heimasíðu Þekkingarsetursins. Starfsmenn eru núna fjórir en verkefnastjóri á sviði textíls og umsjónarmaður textíllistamiðstöðvarinnar hafa færst yfir á launaskrá Textílseturs Íslands frá og með áramótum. Í febrúar var ráðinn skrifstofumaður í tengslum við úthlutun fjármagns í framhaldi af tillögu Norðvesturnefndar.
Áætlað er að kaupa rafrænan vefstól í Kvennaskólann, býður hann upp á mikla möguleika.
8. Önnur mál voru engin.

Arnar sleit fundi kl. 16:30 og þakkaði fyrir góðan fund.

Þóra Sverrisdóttir